

Starfsáætlun Hagstofu Íslands 2018



Hagstofa Íslands

Efni

| | |
|---|----|
| Yfirlit | 4 |
| Stefna og starfsáætlun | 5 |
| Hlutverk | 5 |
| Framtíðarsýn | 5 |
| Gildi | 5 |
| Stefna | 5 |
| Markmið | 6 |
| Mæta þörfum notenda og vinna náið með hagsmunaaðilum | 6 |
| Tryggja gæði og réttar aðferðir | 6 |
| Tryggja öryggi upplýsinga | 6 |
| Nýta nýjar gagnalindir til að bæta gæði og minnka svarbyrði | 6 |
| Bæta miðlun og samskipti | 6 |
| Betra vinnuumhverfi | 6 |
| Efla rannsóknir | 7 |
| Starfsmannamál | 7 |
| Gæðamál | 8 |
| Verkefni sem á að ljúka árið 2018 | 8 |
| Stjórnsýsla og samstarf | 9 |
| Alþjóðamál | 9 |
| Aðferðafræði og rannsóknir | 9 |
| Samskipti og miðlun | 10 |
| Efnahagssvið | 11 |
| Meginatriði í starfsemi efnahagssviðs | 11 |
| Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál | 11 |
| Útanríkisverslun | 12 |
| Vísitölur | 12 |
| Félagsmálasvið | 14 |
| Fyrirtækjasvið | 16 |
| Hagtölur um fyrirtæki | 16 |
| Rannsókn á útgjöldum til rannsóknar- og þróunarstarfs | 16 |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði | 17 |

| | |
|--|----|
| Tölfræði um ferðþjónustu..... | 17 |
| Umhverfistölfræði og umhverfisreikningar | 17 |
| Rekstrarsvið | 18 |
| Fjármál og rekstur | 18 |
| Gagnasöfnun | 18 |
| Úrtaksrannsóknir..... | 19 |
| Móttaka..... | 19 |
| Upplýsingatækni | 19 |

Yfirlit

Hagstofa Íslands skiptist í fjögur svið; efnahagssvið, fyrirtækjasvið, félagsmálasvið og rekstrarsvið auk skrifstofu stjórnsýslu og samstarfs og skrifstofu yfirstjórnar. Helstu verkefni ársins mótast af stefnu Hagstofunnar 2018 og forgangsröðun verkefna í samræmi við markmið og aðgerðir í fjárlagafrumvarpi 2018.

[Stefnu og verkefni 2018](#) má nálgast á vefnum og eins á [birtingaráætlun](#), en hér eru birtar starfsáætlanir einstakra sviða.

Stefna og starfsáætlun

Hlutverk

Hagstofa Íslands vinnur hlutlægar hagskýrslur, hefur forystu um samhæfingu hagtalna, stundar rannsóknir og stuðlar þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Framtíðarsýn

Hagstofan er framsækin miðstöð hagskýrslugerðar sem stendur jafnfætis þeim hagstofum í Evrópu sem eru til fyrirmyndar.

Hagstofan er góður og eftirsóttur vinnustaður þar sem skilvirkni og sveigjanleiki haldast í hendur.

Gildi

HLUTLÆGNI — TRÚVERÐUGLEIKI — ÞJÓNUSTA

Stefna

Hagstofa Íslands stefnir að því að:

- Uppfylla þarfir innanlands fyrir tölfræðiupplýsingar um efnahagsmál, samfélagsmál, fyrirtæki og rekstur fyrirtækja.
- Starfsemin sé í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.
- Tryggja gæði opinberra hagtalna á Íslandi með sömu leiðum og fram koma í meginreglum evrópskrar hagskýrslugerðar.
- Tryggja öryggi upplýsinga þannig að þær séu aðgengilegar en fullnægi þó kröfum um persónuvernd og falli ekki í rangar hendur.

Markmið

Mæta þörfum notenda og vinna náið með hagsmunaaðilum

Hagstofa Íslands hefur frumkvæði að reglulegum samskiptum við notendur til að öðlast betri skilning á þörfum þeirra og til að geta betur mætt þörfum ólíkra hópa. Áhersla er lögð á góð samskipti við gagnaveitendur, meðal annars til að auka skilning á gæðum stjórnsýslugagna. Hagstofan tekur forystu í skipulegu samstarfi við aðra framleiðendur. Markvisst samstarf við hagsmunaaðila eykur skilning á þörfum þeirra og leiðir í ljós gagnkvæman ávinning.

Tryggja gæði og réttar aðferðir

Hagstofa Íslands gefur út hagtölur og veitir þjónustu í samræmi við þarfir notenda þar sem gæði sitja í fyrirrúmi. Áhersla á gæði er nauðsynleg til þess að viðhalda trausti og til að tryggja forystuhlutverk í hagskýrslugerð. Í samfélagi þar sem er ofgnótt upplýsinga á að vera hægt að treysta því að hjá Hagstofunni séu birtar hlutlægar og traustar upplýsingar.

Tryggja öryggi upplýsinga

Hagstofan tryggir öryggi upplýsinga með vottuðu stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem byggist á alþjóðastaðlinum ISO27001. Meðferð trúnaðarupplýsinga er vönduð og örugg.

Nýta nýjar gagnalindir til að bæta gæði og minnka svarbyrði

Hagstofa Íslands leggur áherslu á að draga úr svarbyrði með því að samræma betur og hagnýta eigin gagnasöfn, nýta stjórnvaldsskrár, beita nýjustu tækni við gagnaöflun og með viðeigandi aðferðafræðilegum lausnum.

Bæta miðlun og samskipti

Hagstofan leitast við að ná til breiðs hóps notenda og leggur áherslu á að ná til almennings og fjölmiðla. Stefnt er að því að bæta aðgengi að hagtölum og öðru efni með markvissri notkun á upplýsingatækni. Leitast skal við að nýta það form miðlunar og þá tækni sem best á við hverju sinni. Hagstofan mætir þörfum notenda um hagtölur og lagar sig að breyttum þörfum þeirra.

Betra vinnuumhverfi

Mikilvægt er að stuðla að starfsánægju og bættri líðan starfsmanna, þannig verður Hagstofan eftirsóknarverður og fjölskylduvænn vinnustaður. Gott vinnuumhverfi stuðlar að ánægju starfsmanna og aukinni framleiðni. Hagstofan leitast við að styðja starfsmenn til að sækja sér aukna fræðslu með það að markmiði að auka færni þeirra og gefa þeim kost á að þróast í starfi. Bætt upplýsingaflæði og opin

skoðanaskipti milli starfsmanna og stjórnenda sitja í fyrirrúmi. Hagstofan gefur starfsmönnum kost á heilsueflingu.

Efla rannsóknir

Hagstofan leggur áherslu á uppbyggingu rannsóknarstarfs og samstarf við rannsóknarsamfélagið. Öflugt rannsóknarstarf styður við hagtölugerð og gerir Hagstofunni kleift að stuðla að upplýstri stefnumótun og umræðu. Þá er uppbygging rannsókna mikilvægur liður í að gera stofnunina að eftirsóknarverðum vinnustað. Gerður er skýr greinarmunur á rannsóknum og hagskýrslugerð í starfsemi stofnunarinnar.

Starfsmannamál

Vinna við jafnlaunavottun mun hefjast á árinu en ráðgert er að þeirri vinnu ljúki í síðasta lagi í desember 2019.

Gert verður áhættumat í samræmi við reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Í fræðslumálum verður áhersla lögð á endurmenntun starfsmanna í samræmi við fræðsluáætlun Hagstofunnar, einnig að auka fræðslu um stjórnun verkefna með töflustjórnun og stjórnendafræðslu.

Gæðamál

Áhersla í gæðamálum verður áfram á samstarf við notendur og er ráðgert að halda reglubundna fundi með þeim notendahópum sem þegar hafa verið stofnaðir, en það eru notendahópar greiningaraðila, fjölmiðla, rannsóknarsamfélagsins, stjórn-sýslunnar og ferðaþjónustunnar.

Framleiðsluferli helstu hagtalna verða tekin til skoðunar og rýnd með það að markmiði að tryggja gæði og finna tækifæri til umbóta.

Að auki verður unnið að eftirfarandi umbótaverkefnum:

Verkefni sem á að ljúka árið 2018

- Umhverfisreikningar
- Endurskoða starfaflokkun
- Rannsókn á lausum störfum
- Mánaðarleg þjónustuviðskipti
- Hagskýrslur um húsnæðismál
- Hagtölur um ferðaþjónustu
- Hagtölur um menningarmál og skapandi greinar
- Mínar síður
- Efla stjórnun
- Ný persónuverndarlög

Stjórnýsla og samstarf

Alþjóðamál

Unnið verður að því að taka upp breytt verklag við innleiðingu á Evrópureglugerðum í tengslum við nýjan EES-gagnagrunn utanríkisráðuneytisins. Halli á innleiðingu gerða Evrópusambandsins á sviði hagskýrslugerðar verður unninn upp.

Gengið verður frá samstarfssamningum og komið á samstarfsvettvangi við aðra opinbera hagskýrsluframléiðendur.

Áfram verður unnið að því að bæta eftirlit og umsjón með erlendum styrkjum og stuðningur verður eflur við rekstur verkefna sem njóta styrkja. Tekin verður upp rafræn umsýsla um rekstur styrkja sem Evrópusambandið hefur þróað.

Stutt verður við vinnu forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt verður unnið að því að tryggja að sú vinna gagnist við markmiðasetningu laga um opinber fjármál.

Unnið verður að því að laga starfsemi Hagstofunnar að nýrri persónuverndarreglugerð sem tekur gildi um mitt ár 2018.

Aðferðafræði og rannsóknir

Hagstofan hefur undanfarin ár verið í náinni samvinnu við hagstofur Norðurlanda um sameiginlega afgreiðslu gagna til vísindarannsókna, en samstarfið gengur undir nafninu NordMAN-verkefnið. Á árinu hefst vinna við skráningu breytulýsinga sem mun bæta yfirsýn vísindasamfélagsins á því hvaða rannsóknargögn eru aðgengileg hjá hagstofunum. Einnig verður þetta nýjung fyrir íslenska rannsakendur sem munu fá áður óþekkta sýn á gögn Hagstofu Íslands.

Hagnýting stórra gagnasafna í hagskýrslugerð snýst um að finna leiðir til að endurnýta gögn, safna gögnum með nýjum aðferðum og beita leiðandi tölfræðiaðferðum til að koma auga á nýjar upplýsingar sem felast í gögnunum.

Haldið verður áfram að kynna fyrir rannsóknarsamfélaginu þá þjónustu sem Hagstofan getur boðið við afgreiðslu örgagna til vísindalegra rannsókna. Það verður gert með því að halda kynningar og mæta á þá viðburði þar sem rannsakendur koma saman og kynna þar rannsóknþjónustu Hagstofunnar.

Einnig verður áfram lögð mikil áhersla á góða samvinnu við notendahóp rannsóknarsamfélagsins, m.a. með tveimur fundum á árinu.

Snemma á árinu verður nýtt sérvinnslukerfi tekið í notkun sem mun þjóna betur þörfum notenda og Hagstofunnar. Kerfið á að tryggja að sérvinnslubeiðnum frá notendum sé betur sinnt og að hægt sé að bregðast fyrir við ef eitthvað fer úrskeiðis.

Gerðir hafa verið samstarfssamningar við fjórar deildir Háskóla Íslands um samvinnu við meistaraverkefni nemenda. Í samræmi við samningana verður unnið að því að koma á samvinnu milli sérfræðinga Hagstofunnar og nemenda um verkefni. Rætt verður svipað samstarf við Háskólann í Reykjavík.

Samskipti og miðlun

Miðlunarteymið vinnur náið með öllum sviðum Hagstofunnar. Það sér um að svara fyrirspurnum sem berast í upplýsingasíma Hagstofunnar og kemur auk þess að allri miðlun á hagtölum, hvort sem er á vef Hagstofunnar eða samfélagsmiðlum.

Árið 2018 verður einnig unnið að gæðamati og útgáfuferli sem var tekið upp árið 2017 og hefur gefist vel. Gæðamatið verður eftt svo það nái yfir fleiri þætti og auk þess verður stefnt að því að innleiða sjálfvirka gæðavöktun.

Eins og undanfarin ár stýrir miðlunarteymið framþróun á vefbirtingum og vefsíðum Hagstofunnar. Auk þess mun miðlunarteymið vinna að nýjum sérsniðnum vefsvæðum í anda vefsvæðis um sögulegar hagtölur sem var opnað á árinu 2017 við góðar undirtektir. Það vefsvæði, sögulegar hagtölur, gegnir mikilvægu hlutverki í tímabundnu verkefni undir stjórn miðlunarteymisins þar sem 100 ára fullveldi Íslands verður fagnað árið 2018.

Loks mun deildin fá aukið hlutverk í ytri samskiptum stofnunarinnar. Í því felst að efla kynningarstarf með því að vinna markvisst í að kynna Hagstofuna, helstu afurðir hagskýrslugerðar og þjónustu, auk þess að bregðast við opinberri umfjöllun þegar þörf krefur. Ábyrgð samskiptamála verður komið í fastara form og tengsl við fjölmiðla og helstu hagsmunaaðila efla.

Efnahagssvið

Meginatriði í starfsemi efnahagssviðs

Á sviði þjóðhagsreikninga verður lögð áhersla á að endurbæta framleiðslu- og tekjuskiptingaruppgjör og gagnagrunnsumhverfi þjóðhagsreikninga, auk þess sem vinnsluumhverfi verður þróað til samræmis. Þá verður haldið áfram með einstök endurbótaverkefni.

Í utanríkisverslun breytist vinnslukerfi vöruviðskipta vegna upptöku á samræmdu tollskýrsluskjali hjá tollyfirvöldum fyrir útflutning og innflutning (SAD-skjals). Hafin verður birting mánaðarlegra þjónustuviðskipta og því verður unnt að birta mánaðarlegan vöru- og þjónustujöfnuð og þannig verður framboð á tölfræði utanríkisverslunar aukið talsvert.

Þróun á úrvinnslu á rafrænum gögnum frá matvöruverslunum vegna vísitölu neysliverðs heldur áfram.

Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál

Nú þegar hafa margvíslegar endurbætur á aðferðum og verkefnum verið gerðar og verður þeim haldið áfram á þessu ári. Megináhersla verður lögð á að samræma gagnagrunnsumhverfi þjóðhagsreikninga með það að markmiði að auka hagræði og leita samlegðaráhrifa í vinnsluferlum.

Lögð verður áhersla á að marka skýra heildarsýn og móta raunhæfa áætlun um hvernig alþjóðlegum kröfum á sviði þjóðhagsreikninga verðum mætt, sem og almennum þörfum innlendra sem erlendra notenda hagtalna á sviði þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála. Auk almennra umbóta í úrvinnslu þjóðhagsreikninga og uppfærslu á vinnslukerfi þeirra liggur fyrir brýn þörf fyrir framleiðsluuppgjör á ársfjórðungsgrunni, svo og gerð uppruna- og ráðstöfunar og aðfanga og afurdataflna.

Öðrum úrbótaverkefnum verður haldið áfram, svo sem endurbótum á einstökum liðum einkaneyslunnar og uppgjöri mismunandi geira, þ.e. heimila, fyrirtækja og hins opinbera, svo og í fjármunamyndun og fjármunaeign. Þróunarstarfi við fjármálareikninga verður fram haldið, bæði vegna flæði- og stöðustærða og flokkun fjármálagerninga. Sérstök áhersla verður lögð á gerð ársfjórðungslegra fjármálareikninga fyrir hið opinbera. Þróun fjármálareikninga er unnin í samvinnu við Seðlabanka Íslands.

Ferðaþjónustureikningar eru nú hluti af vinnslu þjóðhagsreikninga og verður unnið við að þróa aðferðir og afla gagna til að styrkja vinnsluna og tryggja tímanlegri birtingu niðurstaðna á lykilstærðum.

Mat á fjölda starfandi og vinnustundum eftir atvinnugreinum í samræmi við þjóðhagsreikningastaðla er um það bil að ljúka. Þessi vinna mun leggja grunninn að mati á framleiðni vinnuafis á Íslandi í heild og í ólíkum atvinnugreinum. Stefnt er að því að hefja reglulega birtingu á niðurstöðum þess verkefnis í lok febrúar og vinna að frekari þróun verkefnisins.

Á árinu verður unnið að gerð ýtarlegrar aðferðalýsingar þjóðhagsreikninga (GNI Inventory) en verkefnið hefur staðið yfir frá ársbyrjun 2017. Áætlað er að síðari hluta verkefnisins, sem felst m.a. í ytri úttekt á aðferðum og framkvæmd útreikninga, muni hefjast á árinu. Um er að ræða lokaáfangi í innleiðingu ESA2010-þjóðhagsreikningastaðalsins sem öllum hagstofum evrópska hagskýrslusamstarfsins ber að skila.

Samstarf verður við fjármálaráðuneyti, Fjársýslu ríkisins og Samband íslenskra sveitarfélaga við uppbyggingu á samræmdum gagnagrunni fjárhagsupplýsinga hins opinbera. Stefnt er að birtingu nýrrar og uppfærðrar útgáfu COFOG-staðalsins, um flokkun opinberra útgjalda, en vinna við það verkefni er langt komin. Sérstök áhersla verður lögð á að styrkja upplýsingar um uppgjör sveitarfélaga, gæðaprófun gagna sem safnað er í Upplýsingaveitu sveitarfélaga og samræmingu flokkunar gagna um fjárhag ríkis og sveitarfélaga.

Utanríkisverslun

Innleiðing á samræmdu tollskýrsluskjali um mitt þetta ár krefst þess að gerðar verði breytingar á vinnslukerfi vöruviðskipta og jafnframt að staðlaðar sannprófanir í vöruviðskiptum verði lagaðar að leiðbeiningum frá Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat). Samhliða verður unnið að greiningu vöruviðskipta eftir fyrirtækjaeinkennum.

Á árinu 2018 mun hefjast útgáfa mánaðarlegra heildartalna yfir þjónustuviðskipti við útlönd. Samhliða því verða mánaðarlegar heildartölur fyrir vöruviðskipti áætlaðar á grunni greiðslujafnaðar og þjóðhagsreikninga. Því verður unnt að gefa út mánaðarleg yfirlit yfir vöru- og þjónustuviðskipti við útlönd og þannig auka umtalsvert framboð á tölum um utanríkisverslun.

Lögð verður áhersla á að uppfylla staðla ESB um þjónustuviðskipti við útlönd, sem einkum snertir endurmat á tryggingaþjónustu, ársfjórðungslega birtingu á skiptingu þjónustuviðskipta eftir löndum og endurbætur á samgöngu- og flutningalið þjónustuviðskipta með því að skoða fob-cif hlutfall með tilliti til fraktflutninga.

Vísitölur

Líkt og undanfarin ár verður unnið að nokkrum þróunarverkefnum samhliða hefðbundnum verkefnum vísitöludeildar.

Innleiðing á rafrænni gagnasöfnun frá matvöruverslunum vegna útreiknings á vísitölu neysluverðs hefur aukið gæði vísitölnunnar til muna. Áfram verður unnið

að uppbyggingu innviða í verkefninu sem snúa að aukinni sjálfvirkni. Verkefnið er unnið sjálfstætt og í samvinnu við Eurostat.

Á árinu verður lögð áhersla á þróun hugbúnaðar fyrir verðmælingar fyrir alþjóðlegan verðsamanburð (PPP) og þróun gagnagrunna verkefnisins.

Tími er kominn á endurskoðun aðferða og verkferla við vinnslu vísitölu framleiðsluverðs og verður farið af stað í þá vinnu á árinu 2018.

Stefnt er að því að regluleg útgáfa á rannsókn á útgjöldum heimilanna hefjist á ný snemma árs 2018.

Félagsmálasvið

Á félagsmálasviði eru unnar hagtölur um lýðfræði, mannfjölda, félagsmál, heilbrigðismál, kosningar, lífskjör, vinnumarkað, notkun upplýsingatækni, laun, launakostnað, tekjur, skuldir, menntun, skóla, fjölmiðla og menningarmál í tveimur deildum: Atvinna, lífskjör og mannföldi og Laun, tekjur og menntun.

Árið 2018 verður unnið að verkefnum í málaflokkum sviðsins með hefðbundnum hætti samhliða umbótavinnu og þróun nýrra verkefna.

Lögð verður áhersla á bættu vinnumarkaðstölfræði á árinu með ýmsum hætti. Stefnt er að framkvæmd rannsóknar á lausum störfum, sem er ársfjórðungsleg rannsókn meðal lögaðila á áformum þeirra um ráðningar. Áætluð birting á niðurstöðum er í upphafi árs 2019. Birtar verða nýjar vinnuafstölur byggðar á skráarupplýsingum um fjölda starfandi á íslenskum vinnumarkaði eftir lýðfræðilegum upplýsingum. Í fyrstu verður lögð áhersla á að birta upplýsingar um starfandi eftir kyni, aldri og bakgrunni, það er hvort einstaklingur hafi íslenskan bakgrunn eða erlendan.

Unnið verður að því að innleiða nýjan staðal til starfaflokkunar sem byggist á alþjóðlega staðlinum ISCO08. Verkefnið verður unnið í samstarfi við aðila á vinnumarkaði en í því felst þýðing staðalsins, aðlögun starfsheita og frágangur flokkunarkerfis. Starfaflokkun er grundvöllur að opinberri hagskýrslugerð um íslenskan vinnumarkað en hefur einnig víðtæka skírskotun í samfélaginu, til dæmis sem forsenda jafnlaunavottunar. Unnið verður að innleiðingu nýrrar starfaflokkunar og skref stigin til almennrar flokkunar á störfum.

Launarannsókn Hagstofunnar, sem er grundvöllur launatölfræðinnar, nær nú til 80% af vinnumarkaðinum og verður unnið að bættri þekju á árinu til að rannsóknin nái til vinnumarkaðarins alls. Unnið verður að skoðun á aðferðum við mælingar launabreytinga og vísitala launakostnaðar birt á árinu. Vísitala launakostnaðar gefur kost á að skoða þróun launakostnaðar í heild en einnig launaþátt launakostnaðar. Unnið verður að þróun frekari upplýsinga um launakostnað.

Skuldir er nýr málaflokkur á félagsmálasviði síðan um mitt síðasta ár. Frekari upplýsingar um skuldir heimilanna verða birtar í vor á grundvelli gagnasöfnunar frá fjármálastofnunum. Hagtölur um tekjur, eignir og skuldir á grundvelli skattgagna verða áfram í þróun og stefnt að birtingu á atvinnutekjum eftir atvinnugreinum.

Unnið verður að þróun nýrra hagvísu um húsnæðismál. Fyrsti áfangi verkefnisins felur í sér mat á skráargögnum og tillögur að umbótum. Stefnt er að árlegum stöðutölum húsnæðis þar sem gerð verður grein fyrir í hvernig húsnæði landsmenn búa, hvort hóbýlum hafi fjölgað eða fækkað, lýðfræðilegu samhengi, gæði húsnæðis, húsnæðiskostnaði og búsetumynstri. Því til viðbótar felur verkefnið í sér bættar upplýsingar um fjárfestingu á húsnæðismarkaði.

Unnið verður að bættu framboði hagtalna um menningarmál, þar með talið skapandi greinar, þar sem horft verður til framboðs, neyslu og notkunar al-

mennings, auk hagrænna mælikvarða á umfangi. Framkvæmd verður rannsókn á menningarnotkun og miðlaneyslu árlega til samræmis við aðrar norrænar hagstofur. Í framhaldinu er stefnt að útgáfu árlegra hagræna um menningu, miðlun og skapandi greinar.

Hagstofan hefur orðið vör við mikinn áhuga notenda hagtalna á högum barna og verða unnin nokkur verkefni í málaflokknum. Fyrst má nefna samstarf um mælingu á kjörum barna sem hluta af lífskjararannsókn Hagstofunnar. Í öðru lagi er unnið að samantekt hagtalna um börn með það fyrir augum að auðvelda aðgengi að upplýsingum og greina hvað vanti upp á heildstæða mynd.

Árið 2018 verður eins og undanfarin ár unnið að gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga um kosningar, að þessu sinni eru það sveitarstjórnarkosningar í maí næstkomandi. Samhliða venjubundnum upplýsingum um kosningarnar sem snúa að framboðum, úrslitum og framkvæmd verða unnar upplýsingar um kosningaþátttöku.

Í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið er unnið að átaksverkefni í hagtölugerð um menntun og skóla. Verkefnið felur í sér umbætur á vinnsluferfum með það að markmiði að auka tímanleika birtinga.

Hafinn verður undirbúningur manntals 2021 á árinu, en fyrirhugað er að taka rafrænt manntal líkt og gert var árið 2011. Áætlað er að hefja vinnu við skipulag verkefnis og gagnaheimilda.

Unnið verður að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast innri umbótum. Lífskjararannsókn Hagstofunnar, SILC, verður straumlínulöguð, auk þess sem unnið verður að þróun vinnumarkaðsrannsókna. Einnig verður áfram unnið að innri umbótum á vinnslu og verkferlum launagagna.

Upplýsingatækninotkun heimila og einstaklinga á Íslandi verður rannsökuð með úrtaksrannsókn sem byggist á samræmdum evrópskum aðferðum. Niðurstöðurnar verða samanburðarhæfar við niðurstöður annarra landa Evrópu og yfir tíma innanlands, þar sem rannsóknin hefur verið framkvæmd héraðs, með hléum, frá árinu 2002.

Í samstarfi við velferðarráðuneytið verður annars vegar unnið að greiningu á launamun kynjanna og hins vegar á launum innflytjenda. Á norrænum vettvangi verður unnið að tveimur norrænum verkefnum. Annað snýr að samræmingu aðferða við mat á búferlaflutningum en hitt að mati á áhrifum af fólksflutningum milli norrænna landa. Unnið verður að mati á færningreiningu í samstarfi við Vinnumálastofnun og aðila vinnumarkaðar. Auk þess verður nýr grundvöllur launatölfræðinnar til skoðunar og þá horft sérstaklega til reynslu nágrannaþjóða.

Fyrirtækjasvið

Hagtölur um fyrirtæki

Á síðustu árum hefur verið unnið að uppbyggingu fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar. Verkefninu hefur verið skipt í áfanga þannig að nýjar upplýsingar sem unnið er að á hverjum tíma verði nýttar strax til að auðga tölfraði um atvinnugreinar og fyrirtæki. Stöðugt er unnið að endurbótum, en á árinu 2018 er sérstök áhersla lögð á minni fyrirtæki og að innleiða upplýsingar um starfsstöðvar fyrirtækja.

Frá árinu 2016 hafa verið birtar reglulega heildstæðar upplýsingar um rekstrar- og efnahagsyfirlit atvinnugreina. Upplýsingar hafa verið birtar aftur til ársins 2002 og til og með 2016. Með þessari framleiðslu var svarað mikilli eftirspurn notenda um tölfraði atvinnugreina. Áfram verður unnið að því að auðga þessa tölfraði í samvinnu við helstu notendur hennar. Árlega er tölfraðin birt eins tímanlega og unnt er, en vinnsla hefst úr skattagögnum, sem tiltæk eru í október til birtingar í nóvember.

Á síðustu árum hafa verið birtar lykiltölur um fjölda fyrirtækja og helstu rekstrarupplýsingar atvinnugreina (e. *Structural business statistics*; SBS) í samræmi við Evrópureglugerð 259/2008. Gögnin eru samanburðarhæf við önnur Evrópulönd og þeim jafnframt skilað til hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Á árinu 2017 hófst vinna við framleiðslu tölfraði um lýðfraði fyrirtækja (e. *Business Demography*). Fyrstu tölur um lýðfraði fyrirtækja verða birtar á árinu, auk þess sem gögnum verður skilað til Eurostat í samræmi við reglugerð. Unnið verður að því að lengja tímaraðir aftur til ársins 2008.

Unnið hefur verið að uppbyggingu á skammtímatölfraði og skammtímahagvísunum atvinnugreina (e. *Short Term Statistics*; STS) og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu. Bæði er unnið að tölfraði sem byggist á Evrópureglugerð 1165/1998 sem og því að svara eftirspurn innlendra notenda eftir skammtímatölfraði. Á síðustu árum hefur skammtímatölfraði atvinnugreina verið stórlega bætt með nýjum útgáfum, s.s. um fjölda launagreiðenda og launþega eftir atvinnugreinum. Á árinu 2018 verður unnið að þróun og framleiðslu á mánaðarlegri tölfraði um veltu eftir atvinnugreinum, bæði raun- og vísitölur sem skila skal Eurostat.

Rannsókn á útgjöldum til rannsóknar- og þróunarstarfs

Á árinu 2018 verður gerð rannsókn á útgjöldum fyrirtækja og stofnana til rannsóknar- og þróunarstarfs. Stefnit er að því að birta niðurstöður síðla árs 2018, en rannsóknin er framkvæmd annað hvert ár. Á árinu verður jafnframt gerð rannsókn á notkun fyrirtækja á upplýsingatækni, en rannsóknirnar fylgja alþjóðlegum stöðlum og aðferðafræði OECD og Eurostat.

Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að byggja upp framleiðslu á landbúnaðartölfræði þannig að bæði innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar séu uppfylltar. Áfram verður unnið að því, en þegar eru nær allar alþjóðlegar skuldbindingar í þeim efnum uppfylltar. Áhugi hefur verið hjá innlendum notendum á frekari framleiðslu á rekstrartengdum upplýsingum og var á árinu 2017 gerður sérstakur samningur um þá framleiðslu. Unnið verður að framleiðslu tölfræði um rekstur og afkomu búgreina og verða fyrstu tölur birtar á árinu 2018.

Tölfræði um afla, aflaverðmæti og ráðstöfun afla verður með hefðbundnum hætti á árinu 2018.

Tölfræði um ferðaþjónustu

Vaxandi áhugi hefur verið á tölfræði um ferðaþjónustu með stórlega auknu vægi atvinnugreinarinnar. Ýmis tölfræði hefur verið þróuð og komið til birtingar. Á árinu 2018 verður unnið að frekari birtingum á mánaðarlegri tölfræði um ferðaþjónustu. Þannig er nú unnið við áætlun á heildarfjölda gistinátta á öllum tegundum gisti- staða til birtingar mánaðarlega á árinu 2018, en þar er gengið lengra en kröfur Evrópureglugerðar 692/2011. Hluti þessa verkefnis eru áætlanir á gistinóttum seldum í gegnum Airbnb, en Hagstofan hefur unnið slíkar áætlanir árlega frá árinu 2015. Nú verða þessar áætlanir gerðar mánaðarlega sem hluti af áætlunum um heildarfjölda gistinátta.

Á árinu 2018 verða birtar fyrstu niðurstöður úr ferðavenjurannsókn sem snýr að ferðavenjum íslenskra ferðamanna innanlands og utan. Rannsóknin er unnin í samræmi við forskrift Eurostat, byggð á reglugerð 692/2011.

Umhverfistölfræði og umhverfisreikningar

Unnið hefur verið að uppbyggingu á umhverfistölfræði, s.s. tölfræði um úrgang og losun efna í andrúmsloft í samræmi við staðla og aðferðafræði Eurostat á síðustu árum.

Á árinu 2017 hófst loks undirbúningur að vinnu við framleiðslu umhverfisreikninga í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með fjármögnun á verkefninu og ráðningu sérfræðinga til verkefnisins. Verkefnið skiptist í nokkra hluta, en á árinu 2018 verður unnið að tölfræði í þeim hlutum sem snúa að losun lofttegunda og efnisflæði.

Rekstrarsvið

Rekstrarsvið er það svið innan Hagstofunnar sem gengur þvert á aðra starfsemi. Deildir sviðsins eru þrjár: fjármál og rekstur, upplýsingatækni og gagnasöfnun. Rekstrarsvið leggur sig fram við að veita framleiðslusviðum Hagstofunnar góða þjónustu, auk þess að vinna að umbótum og samfelldum rekstri. Auk samvinnu við hagskýrslusviðin eru helstu áherslur sviðsins fyrir árið 2018 að efla innri starfsemi svo sviðið verði betur undir það búið að takast á við þau verkefni sem stofnunin í heild þarfnast. Skýrari framtíðarsýn og hraðari þróun munu einkenna árið 2018.

Fjármál og rekstur

Fjármáladeild Hagstofu Íslands skipa fjármálastjóri og bókari. Auk þess hefur starfsmannahald aðstoðað við utanhald styrkja, fjárhagslið styrkja og kostnaðargreiningu afurða. Helstu verkefni deildarinnar eru fjármálastjórn, áætlanagerð og eftirfylgd, auk þess að færa bókhald stofnunarinnar, greiða reikninga, skila mánaðarlegu uppgjöri til Fjársýslunnar og áætlunum til ráðuneytisins. Þá sér deildin um allan rekstur á húsnæði, aðföngum og öryggismálum. Vegna nýrra laga um opinber fjármál, þar sem lagt er til heildstæð stefnumörkun í opinberum fjármálum og lögð aukin áhersla á áætlanir, þarf deildin að temja sér nýjar aðferðir vegna breytinga og endurskoðunar á bókhaldsferlum. Þess er vænst að opinber reikningskil stofnana verði í samræmi við almennar bókhalds- og reikningskilareglur fyrirtækja. Í nýju lögunum er gert ráð fyrir virku eftirliti með stjórn og ráðstöfun opinbers fjárs, eigna og skuldbindinga. Hagstofan þarf því að skila úr sjálfstæðu bókhaldskerfi stofnunarinnar, ekki aðeins stöðu fjárhagslykla, eins og gert hefur verið, heldur öllum færslum á hverjum bókhaldslykli. Einnig er stefnt að því að birta reikninga stofnunarinnar í opnum gögnum fyrir almenning.

Gagnasöfnun

Deildin hefur umsjón með miðlægri gagnasöfnun og skráningu gagna fyrir Hagstofuna. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að færa gagnasöfnun frá hagskýrsluviðum á einn stað og verður því haldið áfram. Rúmlega 30 verkefni eru í reglulegum rekstri, þar á meðal söfnun gagna í upplýsingaveitu sveitarfélaga, söfnun gistinátta, söfnun gagna vegna þjónustuviðskipta við útlönd, kreditkortaviðskipti, starfsemi skóla, mennta- og menningarstofnana, söfnun frá kjörstjórnnum, söfnun vegna birgðastöðu fyrir þjóðhagsreikninga, auk gagnasöfnunar og innsláttar fyrir vísitölur o.fl. Fyrirhugað er að nokkur gagnasöfnunarverkefni færast frá hagskýrslusviðum til deildarinnar á árinu, til að mynda söfnun gagna um fjárfestingu, ýmis gögn vegna ferðaþjónustureikninga og vegna utanríkisverslunar. Jafnframt er stefnt að því að vöktun á gagnaskilum úr kassakerfum vegna vísitölu neysluverðs flytjist til deildarinnar.

Úrtaksrannsóknir

Gagnasöfnun gerir árlega fjórar úrtaksrannsóknir sem snúa að einstaklingum og heimilum. Það er vinnumarkaðsrannsókn, rannsókn á útgjöldum heimilanna, lífskjararannsókn og rannsókn á upplýsingatækninotkun heimila. Árið 2018 verður einnig gagnasöfnun vegna könnunar á rannsókn- og þróunarstarfi fyrirtækja og upplýsingatækninotkun fyrirtækja, en báðar rannsóknirnar verða í nýju rannsóknarkerfi, Blaise 5. Þróunarvinna við nýtt gagnasöfnunarviðmót fyrir upplýsingar um framleiðslu, umhverfisreikninga og starfsstöðvar fyrirtækja mun hefjast á árinu í samstarfi við upplýsingatæknideild. Innleiðing á rannsókn á lausum störfum hefst einnig á árinu.

Móttaka

Rekstur móttöku og símaskiptiborðs Hagstofunnar heyrir undir gagnasöfnunardeild. Helstu verkefni eru símsvörun og miðlun erinda, móttaka og skráning gesta og umsjón með inn- og útsendum pósti.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækniteymi vinnur náið með öllum sviðum Hagstofunnar að verkefnum sem snúa að skilvirkri nýtingu upplýsingakerfa. Verkefni ársins snúa að miklu leyti að umbótum á grunninnviðum í samræmi við nútímalegri áherslur í tæknilandslagi stofnunarinnar. Unnið verður að því að auka sjálfvirkni á framleiðsluferlum stofnunarinnar og starfsmönnum gert kleift að vera hreyfanlegri til að auka samstarf innan og utan stofnunarinnar. Í þeirri vinnu er meðal annars fólgin innleiðing á nýrri tæknihögun, nýjum tækjakosti, og nýjum kerfum, svo sem nýju vefskilakerfi. Upplýsingatæknideild vinnur náið með samskipta- og miðlunardeild að umbótum í miðlun og gæða- og öryggisráði Hagstofunnar að viðhaldi og uppbyggingu stjórnerkis upplýsingaöryggis. Auk þeirra verkefna verða unnin ýmiss sértæk verkefni fyrir greiningardeildir líkt og fyrri ár.